

AUGLÝSING
um deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (IV. áfanga)
í landi Hálsa, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 14. mars 2007 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Refsási (IV. áfanga) í landi Hálsa Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið er um 26,6 ha að stærð og gerir ráð fyrir 36 lóðum fyrir frístundahús (merkt 30-66) og er leyfilegt að reisa eitt frístundahús allt að 150 m² að grunnfleti á hverri lóð ásamt 15 m² gestahúsi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 20. júlí 2007.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,
Davíð Pétursson oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2007